



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 29. október 2019

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun efnahagslegra hvata til að efla ræktun orkujurta á Íslandi, 44. mál.**

Landgræðslunni barst rafbréf frá nefndasviði Alþingis þann 27. september 2019 með beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun efnahagslegra hvata til að efla ræktun orkujurta á Íslandi.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi feli samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að skipa starfshóp til að móta og hrinda í framkvæmd aðgerðaáætlun um efnahagslega hvata sem styrkja forsendur fyrir ræktun orkujurtanna repju (*Brassica campestris*) og nepju (*Brassica rapa*) í þeim tilgangi að framleiða eldsneyti (bíódísil) sem notað verði á skip í stað jarðefnaeldsneytis.

Í þingsályktunartillögunni er fjallað um þá möguleika sem ræktun orkujurta hefur í för með sér hvað varðar uppgræðslu lands, einkum sanda, sem og að jarðvegsundirbúningur með slíkri ræktun kann við réttar aðstæður að vera ákjósanlegur til frekari ræktunar. Landgræðslan fagnar auknum og frekari verkefnum sem styðja við landgræðslustarfið og eru til þess fallin að ná frekari árangir og fjölga þeim aðilum sem taka virkan þátt í því.

Landgræðslan tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í ofangreindri þingsályktunartillögu um nauðsyn þess að styðja við frumkvöðlastarf sem tengist ræktun og nýtingu repju og nepju. Rannsóknir sem fram hafa farið á ræktun ofangreindra tegunda eru takmarkaðar og tölur um uppskeru sem notaðar eru við kynningu á þingsályktuninni eru háar miðað við uppskerutölur sem fengist hafa úr þeim vísindarannsóknum sem fram hafa farið hérlendis.

Landgræðslan bendir á þá grafalvarlegu stöðu sem uppi er í jarðræktarrannsóknum í landbúnaði á Íslandi og hvetur til þess að kynbótastarf verði endurvakið í jarðrækt og að stofnaprófanir verði stórlega eflar því framundan eru hraðfara breytingar á loftslagi og varasamt og dýrt er fyrir þjóðina að ætla bændum að prófa sig áfram með efnahagslegum stuðningi en án stuðnings vísindarannsókna.

Virðingarfyllt,

Árni Bragason,  
landgræðslustjóri.